# Rannsókna- og háskólanet Íslands hf.

Ársskýrsla

# 2023

Rannsókna- og háskólanet Íslands hf.
Dunhaga 5
107 Reykjavík
kt. 490201-3190

# Rannsókna- og háskólanet Íslands hf.

Ársreikningur

# 2023

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-11 |
| Sundurliðanir | 12 |

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Rannsókna- og háskólaneti Íslands hf.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2023 fyrir Rannsókna- og háskólanet Íslands hf. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 30. apríl 2024

**Deloitte ehf.**

Lúðvík Þráinsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Tekjur félagsins á árinu 2023 námu kr. 126.408.440 (2022 : kr. 100.281.700) og hækkuðu um 26% milli ára og skýrist það aðallega af styrkjum sem félagið fékk að fjárhæð kr. 25.450.000. Hagnaður ársins nam kr. 19.891.653 (2022 : tap kr. 6.377.595). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 68.670.301. Bókfært eigið fé í árslok er kr. 47.181.315 og er eiginfjárhlutfall félagsins 69%. Fjöldi ársverka er 1. Tilgangur félagsins er að annast alþjóðlega tölvunetsþjónustu.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 11, eins og í upphafi árs. Þeir eru Háskóli Íslands með 85,6%, Háskólinn í Reykjavík með 4,6%, Landspítali með 4,6%, Háskólinn á Akureyri með 1,9%, Listaháskóli Íslands með 0,9%, Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri með 0,7%, Háskólinn á Bifröst ses með 0,5%, Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal með 0,2%, Orkustofnun með 0,2%, Hafrannsóknarstofnun með 0,2% og Matís ofh með 0,2%. Félagið átti eigin hluti að fjárhæð kr. 200.000 í árslok.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2024, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Rannsókna- og háskólanets Íslands hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Rannsókna- og háskólanets Íslands hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2024

### Í stjórn

Guðmundur H. Kjærnested | Halldór Jónsson | Hólmar Svansson

Einar Stefán Björnsson | Anna Soffía Hauksdóttir

### Framkvæmdastjóri

Jón Ingi Einarsson

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 100.958.440 | 88.763.700 |
| Aðrar tekjur | | 25.450.000 | 11.518.000 |
| Laun og tengd gjöld | 3 | (19.792.014) | (19.624.313) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (77.344.262) | (86.661.568) |
| Afskriftir | 7 | (4.842.954) | (2.037.527) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | | 24.429.210 | (8.041.708) |
| Fjármunatekjur | 4 | 481.383 | 149.533 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (40.977) | (75.119) |
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | | 24.869.616 | (7.967.294) |
| Tekjuskattur | 6 | (4.977.963) | 1.589.699 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 19.891.653 | (6.377.595) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| **Eignir** | **Skýr.** | **31.12.2023** | **31.12.2022** |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 33.037.296 | 16.643.196 |
| Tekjuskattsinneign | 10 | 3.066.846 | 8.044.809 |
| | | 36.104.142 | 24.688.005 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 8 | 12.523.535 | 20.755.151 |
| Aðrar skammtímakröfur | 8 | 105.902 | 32.874 |
| Handbært fé | 8 | 19.936.722 | 9.451.085 |
| | | 32.566.159 | 30.239.110 |
| **Eignir** | | 68.670.301 | 54.927.115 |

## Eigið fé og skuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 9 | | |
| Hlutafé | | 53.650.000 | 53.650.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 889.429 | 889.429 |
| Óráðstafað eigið fé | | (7.358.114) | (27.249.767) |
| Eigið fé | | 47.181.315 | 27.289.662 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 11 | 5.381.271 | 12.470.929 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 11 | 16.107.715 | 15.166.524 |
| | | 21.488.986 | 27.637.453 |
| Skuldir | | 21.488.986 | 27.637.453 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 68.670.301 | 54.927.115 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður (-tap) | | 24.429.210 | (8.041.708) |
| Afskriftir | 7 | 4.842.954 | 2.037.527 |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 29.272.164 | (6.004.181) |
| Aðrar rekstrartengar eignir (hækkun) lækkun | | 8.158.588 | (9.757.061) |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) | | (6.148.467) | 13.374.399 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 31.282.285 | (2.386.843) |
| Innborgaðir vextir og arður | | 481.383 | 149.533 |
| Greiddir vextir | | (40.977) | (75.119) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 31.722.691 | (2.312.429) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | (21.237.054) | (12.164.730) |
| | | (21.237.054) | (12.164.730) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| | | 0 | 0 |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | 10.485.637 | (14.477.159) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 9.451.085 | 23.928.244 |
| Handbært fé í lok árs | | 19.936.722 | 9.451.085 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Rannsókna- og háskólanet Íslands hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Tilgangur félagsins er að annast alþjóðlega tölvunetsþjónustu, byggða á Internet stöðlum, einkum fyrir rannsóknastofnanir og háskóla, að eiga hlutdeild að alþjóðlegum netum rannsóknastofnana og háskóla, að stuðla að sem hagkvæmastri uppbyggingu tölvunets á landsvísu fyrir rannsóknastofnanir og háskóla, að þróa lausnir varðandi tölvunetssamskipti og sinna skyldri starfsemi, að eiga og reka búnað til tölvunetssamskipta og að vera samskiptaaðili fyrir NORDUnet fyrir hönd Háskóla Íslands, sem er hluthafi í NORDUnet A/S, Danmörku.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Rannsókna- og háskólanets Íslands hf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur af sölu þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Sala er skráð mánaðarlega samkvæmt samningum við viðskiptavini.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Rekstrarliðir dótturfélaga, sem ekki semja reikningsskil í íslenskum krónum, eru umreiknaðir í íslenskar krónur á meðalgengi

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsskuldbinding stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Launamál

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Laun | 15.511.704 | 15.555.674 |
| Launatengd gjöld | 4.280.310 | 4.068.639 |
| | 19.792.014 | 19.624.313 |
| Meðalfjöldi starfa fyrir utan stjórnarmenn | 1 | 1 |

## 4. Fjármunatekjur

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 481.383 | 149.533 |
| | 481.383 | 149.533 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld | (40.977) | (75.119) |
| | (40.977) | (75.119) |

# Skýringar

## 6. Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna rekstrar á árinu þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Tölvubúnaður | Samtals |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Staða í ársbyrjun | 60.843.776 | 60.843.776 |
| Eignfært á árinu | 21.237.054 | 21.237.054 |
| Staða í árslok | 82.080.830 | 82.080.830 |
| **Afskriftir** | | |
| Staða í ársbyrjun | 44.200.580 | 44.200.580 |
| Afskrift ársins | 4.842.954 | 4.842.954 |
| Staða í árslok | 49.043.534 | 49.043.534 |
| **Bókfært verð** | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 16.643.196 | 16.643.196 |
| Bókfært verð í árslok | 33.037.296 | 33.037.296 |
| Afskriftarhlutföll | 20 | |

## 8. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 12.523.535 | 20.755.151 |
| | 12.523.535 | 20.755.151 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | 105.902 | 32.874 |
| | 105.902 | 32.874 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

# Skýringar

## 9. Eigið fé

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2023 | 53.650.000 | 889.429 | (27.249.767) | 27.289.662 |
| Hagnaður ársins | | | 19.891.653 | 19.891.653 |
| Eigið fé 31.12.2023 | 53.650.000 | 889.429 | (7.358.114) | 47.181.315 |

Í árslok á félagið eigin hluti að nafnverði kr. 200.000.

## 10. Tekjuskattskuldbinding (-inneign)

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (8.044.809) | (6.455.110) |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins | 4.977.963 | (1.589.699) |
| Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári | 0 | 0 |
| Staða í árslok | (3.066.846) | (8.044.809) |

**Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:**

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 584.663 |
| Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi | (3.651.509) |
| | (3.066.846) |

## 11. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 5.381.271 | 12.470.929 |
| | 5.381.271 | 12.470.929 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 2.081.314 | 3.345.664 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 14.026.401 | 11.820.860 |
| | 16.107.715 | 15.166.524 |

# Skýringar

## 12. Yfirlit um fjárhagslega þróun

| **Rekstur** | **2023** | **2022** | **2021** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 126.408.440 | 100.281.700 | 80.979.150 | 75.074.000 | 73.182.000 |
| Laun og tengd gjöld | (19.792.014) | (19.624.313) | (16.407.832) | (16.542.010) | (18.011.326) |
| Annar rekstrarkostnaður | (77.344.262) | (86.661.568) | (70.038.446) | (74.635.663) | (64.827.480) |
| Afskriftir | (4.842.954) | (2.037.527) | (1.396.548) | (1.793.075) | (2.964.638) |
| Rekstrarhagnaður (tap) | 24.429.210 | (8.041.708) | (6.863.676) | (17.896.748) | (12.621.444) |
| Vaxtatekjur nettó | 440.406 | 74.414 | 33.359 | 280.117 | 1.088.145 |
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | 24.869.616 | (7.967.294) | (6.830.317) | (17.616.631) | (11.533.299) |
| Tekjuskattur | (4.977.963) | 1.589.699 | 1.362.403 | 3.519.746 | 2.303.160 |
| Hagnaður (tap) ársins | 19.891.653 | (6.377.595) | (5.467.914) | (14.096.885) | (9.230.139) |

| **Efnahagur** | **2023** | **2022** | **2021** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|---|---|---|
| Fastafjármunir | 36.104.142 | 24.688.005 | 12.971.103 | 11.758.177 | 10.031.506 |
| Veltufjármunir | 32.566.159 | 30.239.110 | 34.959.208 | 37.223.636 | 57.573.963 |
| Eignir alls | 68.670.301 | 54.927.115 | 47.930.311 | 48.981.813 | 67.605.469 |
| | | | | | |
| Eigið fé | 47.181.315 | 27.289.662 | 33.667.257 | 39.335.171 | 53.432.056 |
| Skuldir | 21.488.986 | 27.637.453 | 14.263.054 | 9.646.642 | 14.173.413 |
| Skuldir og og eigið fé alls | 68.670.301 | 54.927.115 | 47.930.311 | 48.981.813 | 67.605.469 |

| **Sjóðstreymi** | **2023** | **2022** | **2021** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|---|---|---|
| Handbært fé frá (til) rekstri | 31.722.691 | (2.312.429) | (3.297.070) | (18.300.198) | (3.786.341) |

| **Hlutföll** | **2023** | **2022** | **2021** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|---|---|---|
| EBITDA | 29.272.164 | (6.004.181) | (5.467.128) | (16.103.673) | (9.656.806) |
| Vöxtur tekna | 26,1% | 23,8% | 7,9% | 2,6% | -4,6% |
| Veltufjárhlutfall | 1,5 | 1,1 | 2,5 | 3,9 | 4,1 |
| Eiginfjárhlutfall | 69% | 50% | 70% | 80% | 79% |
| Arðsemi eigin fjár | 72,9% | -18,9% | -13,9% | -26,4% | -14,7% |
| Innheimtutími krafna (dagar) | 59 | 64 | 43 | 46 | 54 |